



Eva Björk fjárfesti frekar í spegli eftir Sigga Anton en málverki.

FRÉTTABLAÐIÐ/ALLI

Síbreytileg speglun

● Spegill eftir hönnuðinn Sigga Anton fékk heiðursess á heimili Evu Bjarkar Guðmundsdóttur í stað málverks. Spegillinn er lýstur að aftan og er speglunin margvísleg.

Eva Björk Guðmundsdóttir, vöru-
stjóri á einstaklingssviði Sjóvár,
gerði nýlega upp íbúð í Kópavogi.
Degar því verki var lokið með til-
heyrandi hamagangi langaði hana
í eitthvað fallegt á auðan vegg og
varð spegill eftir hönnuðinn Sigga
Anton fyrir valinu.

„Ég var fyrst að spá í að kaupa
málverk en hef lítið vit á mynd-
list og var ekki viss hvernig verk
myndi passa inn í íbúðina. Dá var

ég svolítið hrædd um að ég myndi
fá leið á því, sérstaklega ef það
væri mjög litríkt.“

Spegillinn fékk Eva í versluninni
Móðern en hann kallast Lucio Mir-
ror. Á bak við hann er lýsing sem
gerir upplifunina af honum mis-
munandi eftir árstíðum. „Nú þegar
farið er að rökkva lýsir hann upp
vegginn en yfir sumarið spegl-
ast sólargeislarnir í honum,“ lýsir
Eva.

Spegillinn trónir yfir borðstofu-
borðinu og þar sem borðstofan, eld-
húsið og setustofan eru í sama rými
er speglunin í honum margvísleg.

„Það er því lítil hætta á því að ég
fái leið á speglinum og finnst mér
hann nánast virka eins og síbreyti-
legt málverk,“ segir Eva glaðbeitt.
„Ég get líka haft hann misáberandi.
Ef mig langar til að hann njóti sín
sem mest lýsi ég hann upp en ef
ekki dempa ég lýsinguna.“ -ve